

## **Verklagsreglur um úthlutun styrkja menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar vegna styrkúthlutunar 2012.**

Umsóknir um styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs til menningarmála eru auglýstar að hausti fyrir komandi ár á sama tíma og aðrar styrkveitingar borgarsjóðs og með sama umsóknarfresti sem borgarráð ákveður.

### **Faghópur um styrki**

Menningar- og ferðamálaráð felur fimm manna faghópi að fjalla um umsóknir um styrkveitingar ráðsins. Faghópurinn er valinn af ráðinu úr 15 manna hópi sem stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL) tilnefnir árlega. Tryggja skal endurnýjun í faghópi milli ára. Faghópurinn skal skipaður samtímis því að auglýst er eftir styrkumsóknum. Skal hann hefja störf um leið og skráningu umsókna er lokið. Faghópurinn skili af sér til menningar- og ferðamálaráðs fjórum vikum síðar. Fyrir ákvörðun ráðsins kemur fulltrúi faghópsins á fund ráðsins og rökstyður tillögur hans. Tillögur faghóps eru ráðgefandi en menningar- og ferðamálaráð ákveður úthlutun.

Við tilnefningar í faghóp ber BÍL að gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum um hæfi. Sama gildir ef hópurinn hefur hafið störf og spurning um vanhæfi kemur upp. (Sjá fylgiskjal).

Faghópurinn gerir tillögur um verkefnastyrki, styrki til almennrar liststarfsemi og Tónlistarhóp Reykjavíkur.

-Verkefnastyrkir skulu veittir einstaklingum, hópum og stofnunum sem geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi einstakra tilgreindra verkefna á sviði menningar og lista, geta sýnt fram á getu til að hrinda styrkverkefni í framkvæmd á næsta starfsári og leggja fram skýra fjárhagsáætlun þar sem tilgreindar eru fjármögnunarleiðir.

- Styrkir til almennrar liststarfsemi skulu veittir einstaklingum, menningarstofnunum og listhópum sem sannað hafa gildi sitt í reykvísku menningarlífi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns, án þess þó að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni. Í umsókn skal greina frá starfi, leggja fram starfsáætlun næsta árs, birta fjárhagsáætlun þegar um rekstur eða viðburði er að ræða, og upplýsa um aðrar fjármögnunarleiðir til starfsins.

-Tónlistarhópur Reykjavíkur skal valinn árlega úr hópi þeirra sem lagt er til að njóti styrks eða starfssamnings á komandi ári. Þeir tónlistarhópar sem fyrir eru á eldri starfssamningi á komandi ári koma jafnframt til greina. Reykjavíkurborg mun leitast við að kynna hópinn í stofnunum sínum og starfi. Tónlistarhópur Reykjavíkur má nota titilinn í kynningu á starfi sínu að vild. Engin kvöð fylgir tilnefningu nema sú að Tónlistarhópur Reykjavíkur eða hluti hans skal koma fram einu sinni eða tvisvar á árinu að ósk Menningar- og ferðamálasviðs við sérstök tækifæri á vegum borgarinnar. Útnefningunni Tónlistarhópur Reykjavíkur fylgir viðurkenningarfé.

Að jafnaði skal menningar- og ferðamálaráð úthluta öllu styrkjafé næsta árs samtímis. Þó er ráðinu heimilt að halda eftir upphæð sem nemur að hámarki 5% af óbundnu styrkjafé til að úthluta síðar, en þá aðeins að undangenginni meðferð í ráðinu. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar

### **Mælikvarðar við mat á umsóknum**

Við mat á umsóknum skulu Menningarstefna Reykjavíkurborgar og Reglur Reykjavíkurborgar um styrki vera höfð til hliðsjónar.

Jafnframt er mælt með eftirtöldum mælikvörðum við mat á forgangsöröðun umsókna:

- Listrænt mat á verkefninu og fagleg hæfni aðstandenda.
- Verkefnum sem fela í sér frumsköpun eða frumflutning veitt brautargengi.
- Leitast við að hafa ákveðna endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi.
- Hvernig auðgar verkefnið / starfsemin menningarlífið í borginni og hvernig nýttast fjármunirnir í því samhengi?
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd?
- Gæði, vinnsla og framsetning umsóknar. Skýrleiki og sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

### **Sérstakar áherslur vegna ársins 2012 samþykktar á fundi menningar- og ferðamálaráðs 12. september 2011**

Auk helstu áherslupunkta í menningarstefnu Reykjavíkurborgar hefur menningar- og ferðamálaráð sérstaklega í huga:

- Reykjavík sem bókmenntaborg – borg orðsins
- Börn og menningaruppeldi
- Samstarf eininga/stofnana/listgreina/listamanna að nýsköpunarverkefnum
- Fjölmennningarleg verkefni

## Fylgiskjal:

Úr gildandi stjórnarsýslulögum:

### II. kafli. Sérstakt hæfi.

#### ■ 3. gr. Vanhæfisástandur.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmaður aðila.

2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.

4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnarsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.

5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.]<sup>1)</sup>

6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

<sup>1)</sup> [L. 49/2002, 1. gr.](#)

#### ■ 4. gr. Áhrif vanhæfis.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

#### ■ 5. gr. Málsmeðferð.

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnarsýslunefndar á þeim.

Stjórnarsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnarsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

#### ■ 6. gr. Setning staðgengils.

Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.